

húss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 18/1949.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Lögbann það, sem 8. þ. m. var lagt við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðarhúss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, er fellt úr gildi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1967.

Nr. 215/1966. **Hilmar Gunnlaugsson**

(Bogi Ingimarsson hdl.)

gegn

Árvaki h/f

(Sigurður Egilsson hdl.).

Dómdur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Ómerking. Frávísun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1966, að fengnu gjafsóknarleyfi 30. september 1966, og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 662.493.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. september 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Atvik að slysi því, sem mál þetta er af risið, eru eigi í ljós leidd sem skyldi. Af hendi stefnda virðist ekki hafa verið hlutazt til um neina rannsókn á slysinu og orsökum

þess. Starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, sem tjáist hafa fengið vitneskju um slysið af blaðafregnum, hefur gert skýrslu um athuganir sínar, sem rakin er í héraðsdómi. Á árinu 1965, meira en fjórum árum eftir slysið, fóru fram yfirheyrslur í málinu á bæjarþingi. Opinber rannsókn á vegum lögreglu eða fyrir sakadómi hefur engin verið framkvæmd, svo sem rétt var og skylt, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og 12. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Skipaður málflutningsmaður áfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, hefði átt að krefjast sakadómsrannsóknar á aðdraganda og atvikum slyssins, eins og gögnum málsins var háttað. Var slíkrar rannsóknar brýn og augljós nauðsyn, einkum þegar til þess er litið, að áfrýjandi vefengdi skýrslu öryggiseftirlitsins og staðhæfði, að þar væri frásögn sín af slysinu beinlínis rangfærð. Átti rannsóknin sérstaklega að beinast að því að leiða í ljós, með hverjum hætti áfrýjandi framkvæmdi verk það, er hann var við, þegar hann slasaðist. Síðan átti að fá álitserð sérkunnáttumanna um það, hvort áfrýjandi hefði staðið rétt að verki sínu og hvort rök lægju til þess, miðað við starfa áfrýjanda og afstöðu hans til prentvélar þeirrar, sem hann vann við, að hann hefði sett prentvélina í gang af nauðsyn eða hagkvæmnisástæðum vegna framkvæmdar verks síns eða með því að nauðsynjalaus og af gáleysi, eins og á stóð, að styðja á rofa prentvélarinnar.

Þar sem gagnaöflun og málflutningi af hendi áfrýjanda var í héraði svo áfátt, sem nú hefur rakið verið, ber að ómerkja alla málsmeðferð þar ásamt héraðsdóminum, að undanskildum ákvæðum hans um málskostnað, sem þykir mega staðfesta, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda þar, kr. 25.000.00, greiddist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að

vera ómerkur ásamt meðferð málsins í héraði, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Boga Ingimarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. maí s.l., hefur Hilmar Gunnlaugsson prentari, Sogavegi 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. apríl 1964, gegn Árvaki h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 518.698.70 (sic) ásamt 7% ársvöxtum frá 13. september 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjaf-sóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda hækk-uð stefnukrafan í kr. 662.570.30 samtals vegna nýs útreiknings á örorkutjóni stefnanda svo og vegna aukins útlagðs kostnaðar. Af hálfu stefnda var samþykkt, að hækkun þessi kæmist að án framhaldsstefnu.

Þá er og stefnt til réttargæzlu í máli þessu Sjóváttryggingar-félagi Íslands h/f. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hann hefur og eigi heldur neinar kröfur gert. Hinn 2. desember 1963 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að hinn 13. september 1961 hafi hann verið að vinna ásamt Guðbirni Guðmundssyni prentara í Prentsmiðju Morgunblaðsins og hafi þeir verið að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Pappírinn hafi slitnað milli valsa, og kveðst stefnandi hafa ætlað að þræða hann áfram með því að ýta honum milli valsanna með vinstri hendi og toga í hann með hægri. Skyndilega hafi vélin farið af stað og klemmur þær, sem á valsinum eru, hafi gripið fingur stefnanda þannig, að höndin hafi dregizt milli valsanna allt að hnúum. Kveðst stefnandi þá hafa kallað til Guðbjörns og beðið hann að stöðva vélina og hafi hún þá stöðvazt strax, en um leið kveðst stefnandi hafa tekið með hægri hendi í þá vinstri og dregið hana að öxlinum og þar

niður og út. Við slysið kveður stefnandi þrjá fingur á vinstri hendi hafa brotnað og hafi húðin tætt og skorizt illa á fingrum og í lófa. Kveðst stefnandi þegar hafa verið fluttur á slysavarðstofuna, en þaðan á Landspítalann, og hafi hann verið algerlega óvinnufær þar til í janúar 1962. Kveður stefnandi afleiðingar meiðslanna hafa orðið þær, að hann sé mjög stirður í vísifingri, löngutöng, baugfingri og litla fingri vinstri handar. Einnig sé mjög áberandi ör í lófa og grip handarinnar sé kraftlítið og stirt. Kveður stefnandi Pál Sigurðsson hafa metið örorku sína og sé varanleg örorka 25%.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 64.653.00
2. Örorkutjón	— 485.380.00
÷ greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	— 73.934.30
÷ viðbótargreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins —	4.257.00
	Kr. 471.841.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000.00
4. Útlagður kostnaður	— 2.600.00
	Kr. 514.441.70

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína og sundurliðaði hana þá, sem hér segir:

1. Atvinnu- og örorkutjón	kr. 718.917.00
÷ bótargreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins,	
kr. 78.191.30, og greiðsla frá stefnda fyrir tíma-	
bilið 13/9 1961 til 29/12 1961, kr. 23.255.40,	
amtals	— 101.446.70
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000.00
3. Útlagður kostnaður	— 5.100.00

Samtals kr. 662.570.30

ásamt vöxtum, eins og upphaflega var krafizt. Stefnandi er talinn fæddur 19. ágúst 1933 og hefur því verið 28 ára á slysdegi.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefndi, Árvakur h/f, sé eigandi Prentsmiðju Morgunblaðsins, en orsakir slyssins séu mistök í starfi hjá starfsmanni prentsmiðjunnar, Guðbirni Guðmundssyni.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysi þessu, þar sem atvik slyssins virðist hafa

verið þau, að stefnandi hafi haldið í pappírinn með annarri hendi, en stutt á skotrofann með hægri hendinni og eigi gætt þess að sleppa hendinni af rofanum þegar í stað, er fingur hans námu við valsana. Verði ekki séð, að nefndur Guðbjörn eigi þar nokkurn hlut að máli. Sé ljóst, að stefndi verði á engan hátt sakaður um, hvernig fór og beri því að sýkna hann algerlega af öllum kröfum stefnanda.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins á dómsskj. nr. 5 segir svo um tildrög slyssins: „Skýrsla Guðbjörns Guðmundssonar: Guðbjörn ásamt slasaða voru að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Hilmar ætlaði að laga pappírinn til í einum af völsunum og fór með vinstri hönd inn til hliðar við valsana. Með hægri hendi studdi hann á skotrofa (rofi, sem keyrir vélina eingöngu, meðan stutt er á hann) og ætlaði með því að lagfæra pappírinn. Skyndilega kallaði Hilmar til Guðbjörns að stöðva vélina, þó það væri Hilmarinn innan handar að stöðva vélina, þar sem hann hafði þrykkt á hnappinn og vélin varð eingöngu stöðvuð með því, að Hilmar losaði höndina af hnappnum. Í ljós kom, að Hilmar hafði orðið á milli valsanna með þeim afleiðingum, að vinstri hönd skaddaðist og brotnaði.

Skýrsla Hilmars Gunnlaugssonar, tekin 13/11 '61:

Hilmar, sem var að þræða gegnum vélina og hafði farið með vinstri hönd inn til hliðar við valsana, vissi ekki fyrr til en vélina fór af stað og kallaði til Guðbjörns að stöðva vélina.

Hilmar áleit, að Guðbjörn hefði sett vélina af stað, sem þó var ekki reyndin. Kom í ljós, að Hilmar hafði sjálfur stutt á hnappinn án þess að gera sér grein fyrir því. Möguleiki var á því fyrir Guðbjörn að stöðva vélina með rofa, sem er fyrir ofan skotrofann.“

Framanritaðar skýrslur þeirra Hilmars Gunnlaugssonar og Guðbjörns Guðmundssonar eru staðfestar með undirskriftum þeirra í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins. Umsögn eftirlitsmanns, Helga Gunnarssonar, í sömu skýrslu, er á þessa leið: „Orsakir slyssins verða að teljast röng viðbrögð slasaða, þar sem hann heldur áfram að keyra vélina eftir að hafa festst milli valsanna. Vél sem þessi krefst mikillar varkárni, þar sem valsar hennar eru opnir, enda eru rofar staðsettir þannig á vélinni, að auðvelt er að ná til þeirra frá þeim stöðum, sem unnið er við vélina.“

Í aðiljaskýrslu á dómsskj. nr. 4 segir stefnandi svo: „Hinn 13. september 1961 var ég undirritaður, Hilmar Gunnlaugsson, prentari, Sogavegi 30, Reykjavík, að vinna ásamt Guðbirni Guðmunds-

syni, prentara, í Prentsmiðju Morgunblaðsins. Við vorum að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Pappírinn slitnaði milli valsa, og hugðist ég þræða hann áfram með því að ýta honum milli valsanna með vinstri hendi og toga í hann með hægri. Sat ég á hækjum mínum við það verk. Skyndilega fór vélin af stað, og klemmur þær, sem á valsinum eru, gripu í fingur mína þannig, að höndin dróst milli valsanna allt að hnúum. Kallaði ég þegar í stað til Guðbjörns og bað hann að stöðva vélina, og stöðvaðist vélin þegar í stað, en um leið tók ég með hægri hendi í vinstri höndina og dró hana að öxlinum og þar niður og út.

Ég er sannfærður um, að Guðbjörn setti vélina af stað, og er það rangt, sem haft hefur verið eftir mér í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, að komið hafi í ljós, að ég hafi sett vélina í gang. Enda er útilokað, að ég hafi getað sett vélina af stað, þar sem ég var með báðar hendur á pappírnum, og var ljóst, að ég var í hættu, ef vélin færi í gang.“

Þessi aðiljaskýrsla stefnanda er dagsett 24. marz 1964, en skýrsla Öryggiseftirlits ríkisins, sem að framan er rakin, er tekin 13/11, eins og þar kemur fram.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, sem kom fyrir dóm í máli þessu 2. desember 1965, hefur þar staðfest nafnritun sína undir aðiljaskýrslu á dómsskj. nr. 4, eftir að hún hafði verið lesin fyrir honum. Þá var honum einnig kynnt skýrsla öryggiseftirlitsins á dómsskj. nr. 5. Kveður hann skýrslu þá, sem höfð er eftir honum þar, ekki vera rétta, en staðhæfir, að Guðbjörn hafi sett vélina af stað og neitar eindregið að hafa sagt við Helga Gunnarsson eftirlitsmann að „komið hafi í ljós, að Hilmar hafi sjálfur stutt á hnappinn án þess að gera sér grein fyrir því.“ Þessa setningu hafi Helgi engu að síður skráð niður og að því loknu hafi hann beðið stefnanda að undirrita skýrsluna. Stefnandi kveðst þá hafa sagt við Helga, að hann vildi ekki undirrita, því að þetta hefði hann ekki sagt. Helgi hafi sagt, að það skipti engu máli, þetta væri nánast formsatriði, og kveðst stefnandi þá hafa látið tilleiðast að skrifa undir. Nokkru seinna kveðst stefnandi hafa fengið bakþanka út af þessu og af því tilefni leitað Helga Gunnarsson uppi á skrifstofu öryggiseftirlitsins og átt tal við hann um þetta og sagt við hann, að hann myndi, hvað hann hefði sagt, þegar skýrslan var tekin. Jafnframt kveðst stefnandi hafa óskað þess við Helga, að hann bæri vitni í málinu, þegar til kæmi. Því hafi Helgi svarað á þá leið, að hann mætti ekki bera vitni í slíkum málum sem

starfsmaður öryggiseftirlitsins. Stefnandi kveður satt og rétt greint frá á dómsskj. nr. 4 og kveðst þess fullviss, að Guðbjörn hafi sett vélina af stað með því að styðja á skotrofann með vinstri hendi, þar sem hann stóð hægra megin við stefnanda, rétt hjá honum, en þó á pallinum milli vélanna, þ. e. á horninu. Stefnandi tekur fram í sambandi við það, hvernig hann stóð að verkinu: Til þess að geta þrætt pappírinn í gegnum vélina þurfti að rífa fláa á pappírsendana, og er fláinn á þeim hluta endans, sem þetta er þrætt í. Stefnandi tekur sérstaklega fram, að hann hafi orðið að nota hægri höndina til þess að halda við pappírsendann, svo að hann félli ekki af valsinum, og hafi því hægri höndin verið upptekin við það, er vélin fór af stað. Segir stefnandi, að ef hann hefði ekki haldið pappírnum með hægri hendinni, hefði pappírinn fallið niður og hefði hann þá ekki getað komið pappírnum upp á milli valsanna, prentvals og dekkvals. Það hefði alls ekki átt að hreyfa vélina, fyrr en hann væri búinn að koma endanum upp á milli valsanna og ná taki á pappírnum ofan frá, enda sé nóg bil (blýplötubykkt) á milli valsanna. Stefnandi segir, að á meðan hann hafi verið að þræða pappírinn á milli valsanna, hafi Guðbjör átt að styðja á pappírinn á dekkvalsinum, svo að hann rynni ekki til baka. Kveður stefnandi ástæðuna til þess, að hann var að þræða þarna, hafa verið þá, að pappírinn hafi slitnað, sennilega vegna þess, að skarð hafi verið í fláann, þegar Guðbjörn þræddi hann milli dekkvalsanna, en það sé gert með því að festa pappírsendann á skoru á dekkvalsinum. Kveður stefnandi það oft koma fyrir, að pappírinn slitni á sama stað og um ræðir. Stefnandi kveðst hafa lokið prentnámi árið 1953 og hafa verið búinn að vinna við umrædda vél í ca. 5—6 ár, þegar slysið varð.

Vitnið Guðbjörn Guðmundsson, sem komið hefur fyrir dóm, neitar því að hafa ýtt á skotrofann. Telur vitnið, að stefnandi hafi sjálfur ýtt á skotrofann með vinstri hendinni, en stýrt pappírnum með þeirri hægri. Segir vitnið, að í þeirri aðstöðu, sem stefnandi var, hafi hann ekki getað stýrt pappírnum með vinstri hendinni, enda hafi aðstaðan verið þannig, að það hafi verið sem sagt útilokað, eða a. m. k. ambögulega að farið. Vitninu var bent á, að stefnandi hafði slasast á vinstri hendinni. Kveðst vitnið ekki hafa séð hönd stefnanda á rofanum. Sjálfst kveðst vitnið hafa getað náð til rofans með vinstri hendi með því að færa sig til, en vitnið kveðst hafa staðið fyrir miðjum valsinum, þegar slysið varð, og séð, þegar hann fór af stað. Fyrir vitninu var lesin

skýrsla þess fyrir öryggiseftirlitinu. Vitnið segir, að það hafi aldrei séð neinn prentara nota skotrofann í hliðstæðu tilfelli, enda sé venjan sú að draga pappírinn í gegn. Að gefnu tilefni kveðst vitnið minnst þess, að stefnandi sagði strax eftir slysið: „Sérðu, hvað þú hefur gert, þú hefur tekið af mér einn puttann“, en vitnið kveðst engu hafa svarað því, heldur hafizt handa um að koma stefnanda undir læknishendur. Vitnið kveðst hafa verið búið að gleyma því, að stefnandi slasaðist á vinstri hendinni, enda komi hið sanna í ljós um þetta í skýrslunni til öryggiseftirlitsins. Vitnið kveðst einungis hafa stutt við pappírinn, meðan stefnandi var að þræða, en kveðst ekki hafa neitt yfir stefnanda að segja.

Við samprófun voru þeir stefnandi og vitnið sammála um það, að eðlileg og venjuleg vinnubrögð við að þræða pappír við þær aðstæður, sem stefnandi var í, sé að nota báðar hendur þannig að stinga pappírnum upp á milli valsanna með hægri hendi og taka á móti honum að ofan með vinstri hendinni. Stefnandi tekur fram, að áður en hann gat komið endanum á milli, hafi hann þurft að rétta endann af með hægri hendinni og síðan hafi það verið ætlun sín að halda við pappírinn með þeirri hægri, en taka á móti pappírnum að ofan með þeirri vinstri. Stefnandi segir, að vitnið hafi ekki staðið fyrir miðjum valsinum, heldur hafi hann staðið utan til, rétt hjá stefnanda, en kveðst þó ekki hafa fylgt með ferðum vitnisins. Stefnandi segir, að flái hafi verið á pappírsendanum og hljóti vitnið því að hafa verið nær mætta en miðju. Vitnið segir, að það hljóti að hafa verið flái á pappírnum og geti vel verið, að fláinn hafi ekki verið kominn upp yfir dekkvalsinn, en vitnið kveðst ekki muna, hve fláinn var kominn langt. Vitnið og stefnandi segja, að skotrofi sé á hverri vélasamstæðu fyrir sig og einnig á brotvélinni fremst, en brotvélin sé í nokkurra metra fjarlægð, og hugsanlegt sé, að einhver óviðkomandi hafi komið inn í vinnusalinn og ýtt á rofann, en engir aðrir hafi verið að vinna í þessum sal en þeir.

Vitnið Helgi Ingiber Gunnarsson, sem komið hefur fyrir dóm, kveðst hafa samið skýrsluna á dómsskj. nr. 5, en ekki muna, hvar það tók skýrslurnar af vitninu Guðbirni og stefnanda. Var lesinn fyrir vitninu sá hluti skýrslu stefnanda hér að framan, sem fjallar um viðtöl þau, sem stefnandi kveðst hafa átt við vitnið. Kveðst vitnið ekkert um þetta muna, en kveðst ekki geta neitað því, að skýrsla stefnanda um ferð hans og viðtöl við vitnið kunni að vera rétt. Vitnið kveðst þó algerlega neita því, að það hafi þving-

að stefnanda til þess að skrifa undir. Vitnið gerir aðspurt svo-
fellda grein fyrir framkvæmd skýrslutöku sinnar: „Við þessar
skýrslur eins og aðrar þá fór maður ávallt á slysstað og tók fyrst
skýrslu af slasaða, ef hann var til staðar, ef ekki, þá af sjónar-
votti eða nærstöddum. Jafnframt þessu þá var tæki eða vél at-
huguð, hvort allur öryggisbúnaður væri í lagi. Skýrslutakan sjálf
fór ýmist fram á slysstað sjálfum eða á skrifstofu öryggiseftir-
litsins eða heima hjá mönnum. Ég man ekki, hvar þessi skýrsla
var tekin. Yfirleitt var viðkomandi viðstaddur, þegar skýrslan
var tekin, en stundum eftir samtali og þorin svo undir viðkom-
andi síðar til undirskriftar. Ég man ekki, hvort skýrsla sú, sem
ég tók af stefnanda máls þessa, var samin að honum viðstöddum
eða samkvæmt frásögn slasaða í þessu tilfelli.“ Vitnið telur með
tilliti til skýrslu sinnar á dómsskj. nr. 5, að það hafi álitnið öryggis-
búnað vélarinnar í lagi. Aðspurt kveðst vitnið álíta, að skýrslan,
sem það tók af stefnanda, sé eingöngu byggð á frásögn skýrslu-
gefanda, en þar sé ekki um að ræða ályktanir vitnisins eða ann-
arra.

Við samprófun vitnisins og stefnanda skýrir stefnandi svo frá,
að yfirprentarinn, Ólafur Magnússon, hafi boðað hann niður á
slysstaðinn daginn, sem skýrslan var tekin. Kveðst stefnandi
hafa hitt vitnið í afgreiðslu Morgunblaðsins á 2. hæð (pökkunar-
sal) og hafi þeir gengið niður í pressusalinn, og þar kveðst
stefnandi hafa gefið skýrsluna og undirritað hana. Stefnandi
endurtekur staðhæfingu sína frá fyrra réttarhaldi, en vitnið
kveðst ekkert um þetta muna og ekki einu sinni, að það hafi
tekið skýrslu af stefnanda í Morgunblaðshúsinu. Vitnið tekur
fram í þessu sambandi, að það hafi komið árlega í Morgunblaðs-
prentsmiðjuna til að skoða vélar þar. Stefnandi tekur fram, að
hann hafi sagt við vitnið, áður en skýrslan var gerð, að hann
vildi ekki, að skýrslan yrði sem ádeila á Guðbjörn starfsfélaga
sinn, og endurtekur stefnandi, að hann hafi ekki viljað undirrita
skýrsluna, en þar sem vitnið hafi fullvissað hann um, að undir-
skriftin væri aðeins formsatriði, þá hafi hann látið tilleiðast,
enda kveðst stefnandi hafa treyst því, að hann gæti alltaf fengið
leiðréttingu á skýrslunni með tilliti til þess, sem hann sagði við
vitnið, þegar skýrslan var tekin. Þegar stefnandi fór að kanna,
hvort hann ætti rétt á bótum, kveðst hann hafa fegið bakþanka
út af skýrslunni og því farið á fund vitnisins á skrifstofu þess að
Bræðraborgarstíg 9.

Dómendur hafa farið á vettvang að viðstöddum lögmönnum

beggja málsaðilja svo og stefnanda og Guðbirni Guðmundssyni, starfsmanni stefnda. Lýstu þeir stefnandi og framangreindur starfsmaður stefnda stöðu sinni við vélina og hvað þeir hefðu hafzt að, er slysið vildi til. Þá töldu þeir aðspurðir útilokað, að vélin gæti farið af stað af sjálfsdáðum, enda telur vitnið Helgi Gunnarsson, eftirlitsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, í framburði sínum, að það hafi álitnið öryggisútbúnað vélarinnar vera í lagi, sbr. skýrslu þess á dómsskj. nr. 5.

Samkvæmt málsskjölum og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir ekki hafa komið fram sönnun fyrir því, að stefndi eigi sök á slysi því, sem stefnandi varð fyrir og mál þetta er risið af. Þykir því ekki unnt gegn eindregnum mótmælum stefnda að taka kröfur stefnanda á hendur honum til greina. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum, Hafliða Helgasyni prentsmiðjustjóra og Jóni Otta Jónssyni prentara.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms í máli þessu vegna mikilla anna dómsformanns við embættið svo og vegna fjarveru hans.

Dómsorð:

Stefndi, Árvakur h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hilmars Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.
